



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGODINN

## Jákvætt samstarf heimila og skóla

### Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Skólaslit
- Bærinn okkar—  
Hetjuheimar  
skrifa
- Sumarstarf í  
Ásnum
- Bíó og Litla Ljót
- Íþróttadagur
- Skólabyrjun haust  
2008
- Foreldradagur
- Spørsmål fra  
Andeby
- Skólafærni
- “Hard working”
- Frá foreldrafélagi

Kæru nemendur / forráðamenn

Að eiga barn á grunnskólaaldri krefst mikils af foreldrum. Það er að ýmsu að hyggja. Væntingar okkar til barna okkar eru oft miklar og við leggjum oft á þau þungar byrðar, t.d. hvað varðar gæslu á yngri systkinum og fleiri “skylduverka” á heimilinu auk náms, íþróttar- og félagsstarfa.

Öflug tenging heimila og skóla eru nauðsynleg. Ein helstu rökin fyrir því að foreldrar tengist skólum náið byggjast á niðurstöðum fjölda rannsókna á að þátttaka foreldra og áhugi hafi veruleg áhrif á námsgengi barna. Foreldrum er annþ um að börn sín taki framförum í námi og foreldrar þurfa einnig að fá að vita hvaða forsendur liggja að baki þegar frammistaða barna þeirra er metin.

Hver sem bakgrunnur foreldra kann að vera er samstarf við þá auðlind sem Áslandsskóli hefur allt frá upphafi talið skynsamlegt að virkja. Nauðsynlegt er að slíku samstarfi séu sett skýr markmið og það einkennist af trausti, jákvæðni, bjartsýni og virðingu. Þannig skapar það verulega möguleika á að hafa jákvæð áhrif á skólastarfið.

Þó svo að kennari sé að jafnaði einn með nemendum í kennslustofunni fer því fjarri að það sem þar gerist sé einkaábyrgð hans. Allt skólasamfélagið ber sameiginlega ábyrgð á árangri kennslunnar.

Umhyggja, áhugi og virk þátttaka foreldra í námi barna eru bráðnauðsynleg atriði til að árangur verði framúrskarandi. Því hefur þátttaka foreldra í menntandi og þroskandi viðfangsefnum á heimilinu og í skólanum mikil áhrif á námsárangur barna. Það að t.d. lesa með eða fyrir börnin, sjá þeim fyrir bókum, sækja fundi er tengjast námi þeirra og starfi í skólanum ásamt þátttöku í námsferðum eru allt hlutir sem hægt er að finna sig í. Þátttaka í skólakynningum, námskeiðum sem boðið er uppá eða einfaldlega að merkja við í lestrarbókina, allt hefur þetta áhrif til betri vegar.

Það er því nauðsynlegt, nú í lok skólaárs, að við foreldrar lítum í eigin barm og skoðum hvort við sýnum námi barna okkur nægilegan jákvæðan áhuga. Áhuga sem fleytt gæti nemendum upp brattar brekkur á námsferlinu. Öll höfum við mikið að gera við að færa bjargir í bú en það má ekki hafa þau áhrif að við gleymum að rækta það dýrmætasta sem við eigum.

Ég vil fyrir hönd skólans þakka forráðamönnum samstarfið á skólaárinu, þakka foreldrafélagi og ráði fyrir sín störf sem og bekkjartengiliðum. Einnig vil ég hvetja forráðamenn til að sýna starfinu í Áslandsskóla áfram áhuga og virðingu með jákvæðum hætti.

**Gleðilegt sumar**

**Leifur S. Garðarsson**

Skólastjóri

**....Syngja fagurt sumarlag—svanir á bláum tjörnum....**

**SAMVINNA**

**ÁBYRGÐ**

**TILLITSSEMI**

**TRAUST**

# Sumarstarf í Ásnum

## Sumarfjör í Ásnum

Félagsmiðstöðin Ásinn í Áslandsskóla verður með sumarstarf í skólanum í sumar.

Íþrótt- og leikjanámskeið verða fyrir börn á aldrinum 7–10 ára (fædd 1998–2001). Skráning stendur yfir dagana 3.– 4. júní en námskeiðin hefjast 5. júní.

Ýmsir klúbbar og námskeið eru í boði fyrir börn á aldrinum 11–13 ára (fædd 1995–1997) og verður dagskrá auglýst sérstaklega í skólanum fyrir skólalok og einnig í dreifibréfi um hverfið.

Þáttökugjald miðast fyrst og fremst við efniskostnað og rútuferðir. Starfsemin mun vera frá kl. 9-12 og 13-16 alla virka daga.


Aðstaða Ássins í sumar verður í heilsdagsskóla Áslandsskóla. Allar upplýsingar um námskeiðin er hægt að fá á [www.asinn.is](http://www.asinn.is) eða í síma Vinnuskólans 565 1899 og í síma 664 5763.

### Íþrótt- og heilsuklúbbar Ássins

Félagsmiðstöðin Ásinn í Áslandsskóla stendur fyrir íþrótt- og heilsuklúbba í sumar.

Klúbburinn samanstendur af unglingum í 8.-10. bekk sem verða með uppákomur víðs vegar um bæinn. Þau koma við á róluvöllum, leikjanámskeiðum og fleiri stöðum og verða með leiki, íþróttir, tónlist o.fl. skemmtilegt.

Unglingarnir fara á vikunámskeið í leiklistarklúbbum og á fyrirlestur hjá Lýðheilsustöð áður en starf þeirra hefst.



## Bíó sýningar og Litla Ljót

Í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðar var öllum grunnskólanemendum í Hafnarfirði boðið á kvikmyndasýningu í Bæjarbíó. Allar myndirnar tengdust Hafnarfirði með einhverjum hætti. Nemdur í 1.- 6. bekk sáu Stikkfrí, 7. og 8. bekkur sáu Punktur, punktur komma strik, 9. bekkur Mávahlátur og 10. bekkur Sódóma Reykjavík. Að auki fengu allir að sjá stutta mynd frá hátíðarhöldum í Hafnarfirði á 17. júní frá 1948.

Nemendur í 1.-3. bekk fara á söngleikinn Litla Ljót eftir Hauk Ágústsson á fimmtudaginn. Það eru nemendur úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar sem taka þátt í uppfærslunni þ.á.m þau Birkir Orri, Birta Dröfn, Diljá, Gunnar Dan, Hilda Steinunn og Rebekka Rán sem eru í 3. bekk Áslandsskóla.

# Bærinn minn Hafnarfjörður

## Ritunarverkefni í Hetjuheimum

### Vordagar og bærinn minn Hafnarfjörður 100 ára

#### 1. bekkur Hetjuheimar

1. bekkur fór í bæjarferð.

#### Bærinn minn

Það var rusl í læknum. Ég sá fiska. Við fórum í strætó. Við sáum rafstöð. Ég sá vita. Bílstjórinn var góður. Það var gaman.

*Pórey Eva*

#### Bærinn minn

Það var rusl í læknum. Við sáum vitann og kisur. Við sáum orma og fiska. Við sáum hól í læk og trjú. Við sáum rafstöð og borðuðum nestið. Við sáum önd. Það var gaman, skemmtilegt og fínt. Rósa sagði okkur að við vorum góð. Strákur henti svala í lækinn.

*Sandra Rakel*

#### Gönguferð á Ásfjall

Ég sá Keili. Ég sá vörðu og Ástjörn. Mér var kalt. Ég sá Perluna. Ég sá húsið mitt og máva.

*Daði*

#### Vorferð í Töfragarðinn

Mér fannst gaman að gefa kanínunum. Og mjög gaman í hoppukastalanum. Stórskemmtilegt í ferðinni.

*Steinunn María*

## Skólaslit

**Skólaslit** eru miðvikudaginn 4. júní. Nemendur mæta í heimastofur og halda þaðan á sal skólans. Þar mun skólastjóri spjalla við nemendur ásamt því að flutt verða tónlistaratriði. Að því loknu halda nemendur aftur í heimastofur og fá þar vitnisburð sinn.

**Nemendur í 1.-4. bekk** mæta kl. 9:00.

**Nemendur í 5.-7. bekk** mæta kl. 10:00.

**Nemendur í 8.-9. bekk** mæta kl. 10:30.

**Skólaslit** hjá 10. bekk eru kl. 12:00.

## Íþróttadagur

Íþróttadagur er í Áslandsskóla föstudaginn 30. maí næstkomandi. Þann dag bregða menn bæði undir sig betri fætinum og á leik.

Skipulögð íþróttadagskrá verður á skólalóðinni fyrir nemendur í 1.-6. bekk en íþróttakennarar munu halda utan um leiki og ýmiss konar hreyfingu.

Nemendur í 7.-10. bekk munu hins vegar ganga á Esjuna líkt og gert var í fyrra og heppnaðist geysilega vel. Mikill hugur er í fólki fyrir gönguna en auðvitað verður góður hópur starfsmanna með í för.

## Skólabyrjun haust 2008

Starfsfólk Áslandsskóla mætir til starfa um miðjan ágúst mánuð til undirbúnings fyrir skólaárið 2008-2009.

Nemendur mæta til starfa á skólasetningu föstudaginn 22. ágúst.

Vetrarfrí er í skólanum á næsta skólaári 27.-28. október 2008.

## Foreldradagur 3. júní

Foreldradagur er í Áslandsskóla þriðjudaginn 3. júní næstkomandi. Þann dag koma forráðamenn með nemendum til viðtals hjá umsjónarkennara. Eins verða aðrir starfsmenn tiltækir til viðtals ef óskað er eftir.

Sérstök lausn verður á viðtölum í 9. bekk þar sem umsjónarkennarar þar verða í ferð sem leiðbeinendur á vegum Dropans, styrktarfélags sykursjúkra barna.

Heilsdagsskólinn verður opinn á foreldradeginum og er það síðasti dagurinn sem opið er þar. Þeir sem hafa hug á að hafa börnin sín þar eru beðnir að snúa sér til skrifstofu skólans eigi síðar en 29. maí.

## Frá foreldrafélaginu

Foreldrafélag Áslandsskóla fékk tilnefningu til foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2008, fyrir skólafærinámsskeið fyrir 6 ára börn.

Skólafærinámsskeiðin hafa verið haldin með þessu sniði frá haustinu 2002 til þessa dags. Þau eru að sjálfsögðu unnin í góðri samvinnu við skólastjórnendur, en á aðalfundi er alltaf kjörnir fulltrúar skólafærinámsskeiðsnefnd sem bera hitann og þungan af framkvæmdinni.

Stjórn Foreldrafélagsins hefur tekið þátt með því að raða í möppur og hringja út til allra foreldra barna í 1. bekk sem náðst hefur í. Með þessu móti hefur þátttaka foreldra verið mjög góð. Nefndin hefur séð um að útbúa möppu með ýmsum gögnum sem allir sem sækja námskeiðin fá afhenta. Einnig fá allir sem mæta viðurkenningarskjöl sem börnin þeirra hafa teiknað á.

Allir sem tilnefndir eru til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla fá viðurkenningu og okkar viðurkenning hangir nú í skólanum við skrifstofuna ásamt öðrum viðurkenningum sem skólinn hefur áður hlotið.

Við þökkum Geir Bjarnasyni forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðar fyrir að útnefna okkur og þökkum heiðurinn. Það er alltaf gott til þess að vita að eftir því sé tekið sem verið er að gera. Skólafærinámsskeiðin í Áslandsskóla eru sannarlega komin til að vera.

F o r e l d r a f é l a g      Á s l a n d s s k ó l a

## Spørsmål fra Andeby

Nemendur í Fjallheimum unnu þemaverkefni í dönsku um Andrés Önd. Hér að neðan gefur að líta spurningar og svör sem voru hluti verkefnisins. Tilvalið í spurningakeppnina í bílnum á leið í sveitina í sumar.

### Almindelige spørgsmål

Hvad hedder Anders' And tre små fættre?

**Svar:** Rip, Rap og Rup

Hvad er Onkel Joakims hobby?

**Svar:** At svømme i penge.

Hvilket arbejde har Mickey Mus?

**Svar:** Han er detektiv

### Rigtig eller forkert

Anders har en mor der hedder Hortensia Von And

**Svar:** rigtigt

Hvad er fætter Højbens arbejde?

**Svar:** Ingen

### a), b) og c) spørgsmål

Hvem er kæreste til Anders And?

Minnie Mus  
Britney Spears  
Andersine And  
**Svar:** c)

Hvem skabte Anders og co.?

John McDuck  
Walt Disney  
Svensk videnskabsmand  
**Svar:** b)

Hvad hedder Mickey's hund?

Pluto  
Mars  
Simba  
**Svar:** a)

## “Hard working”

### Hard Working

by Ásdís Ólafsdóttir—Tunglheimar

Working hard to keep your room clean  
Maintaining the lawn's healthy and keeping it green

To be hard working you can't be lazy  
This job does not stop, you do it daily

Around the clock. 24/7, 365 days a year  
But on New Year's who do you think will be getting the  
cheers?

So keep up the good work, my friend  
And stay hard working, till the end

## Skólafærni

Í því skyni að leggja grunn að góðri samvinnu og ánægjulegu 10 ára samstarfi heimila og skóla ætla foreldrafélag og starfsfólk Áslandsskóla að standa fyrir námskeiði fyrir foreldra og forráðamenn barna sem hefja nám í 1. bekk nú í haust. Námskeiðið kallast **SKÓLAFÆRNI** og er foreldrum og forráðamönnum að kostnaðarlausu. Fyrri hluti námskeiðsins verður haldinn **Þriðjudaginn 27. maí** og síðari hluti námskeiðsins verður haldinn **á haustdögum**. Námskeiðið hefst klukkan 18:00 báða dagana og lýkur stundvíslega klukkan 21:00. Boðið verður upp á léttan málsverð bæði kvöldin.

Dagskrá námskeiðsins er fjölbreytt og í höndum margra, bæði starfsmanna skólans, fulltrúa foreldra og gestafyrirlesara. Gert er ráð fyrir þátttöku beggja foreldra eða forráðamanna á námskeiðinu. Ömmur og afar, frændur og frændur eða aðrir þeir sem standa barninu nálægt eru einnig boðin velkomin.



Kríúási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

***www.aslandsskoli.is***

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað**  
**Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri